



ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA

vegna 16 DAGA átaks gegn kynbundnu ofbeldi

OFBELDI • GEGN • KONUM • ER • EITT • AF • STÆRSTU • HEILSUFARSVANDAMÁLUM • Í • HEIM

Kynbundið ofbeldi brýtur gegn mannréttindum og grundvallarfrelsi kvenna og er ein af verstu birtingarmyndum kynjamisréttis.

Ofbeldi karla gegn konum tekur á sig margvíslegar myndir allt frá andlegu ofbeldi til lífshættulegra áverka sem leiða til dauða. Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gegn konum skilgreinir ofbeldi gegn konum sem „*ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga kvenna, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.*“ Kynbundið ofbeldi felur í sér líkamlegt, kynferðislegt og sálrænt ofbeldi innan fjölskyldunnar og í þjóðfélaginu almennt, svo sem kúgun, barsmíðar, ofbeldi tengt heimanmundi, nauðgun í hjónabandi, limlestingu á kynfærum kvenna og aðrar hefðir sem eru skaðlegar konum, misnotkun kvenna í gróðaskyni, mansal og þvingun til vændis, kynferðislega áreitni og hótanir á vinnustað og í menntastofnunum svo dæmi séu nefnd.

Alvarlegt kynbundið ofbeldi er staðreynd á Íslandi. Hundruð kvenna og stúlkna eru fórnarlömb kynferðisofbeldis á ári hverju og fjöldi kvenna og barna lifir við hræðslu, kúgun, óöryggi, hótanir og ofbeldi á heimilinu sem, undir eðlilegum kringumstæðum, á að vera griðastaður.

Til Neyðarmóttöku vegna nauðgunar leituðu í fyrra 119 einstaklingar, en um 140 konur komu vegna ofbeldis og hugsanlegs heimilisofbeldis á Slysa- og bráðadeild Landspítalans. Til Stígamóta, ráðgjafar- og upplýsingamiðstöðvar fyrir konur og börn sem þeytt hafa verið kynferðisofbeldi, leituðu 496 einstaklingar. Af þeim voru 251 að leita sér aðstoðar í fyrsta skipti. Frá stofnun Stígamóta árið 1989 til ársloka 2003 hafa 3595 konur leitað þar aðstoðar. Samkvæmt þjóðskrá árið 2003 voru konur á Íslandi 145.169 og höfðu því 2.48% kvenna á Íslandi leitað til Stígamóta.

Kvennaathvarfið er athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra. Alls dvöldu 73 konur og 59 börn í Kvennaathvarfinu á síðasta ári en 230 konur leituðu þar einhverrar aðstoðar árið 2003. Frá stofnun Kvennaathvarfsins árið 1982 eru skráðar um 6.000 komur í athvarfið.

Það er staðreynd að aðeins fáir ofbeldismenn svara til saka og má nefna stutta refsisdóma fyrir kynferðisglæpi og mörg dæmi eru um alvarlegt skilningsleysi réttarkerfisins á eðli og afleiðingum kynbundins ofbeldis.

Þau samtök sem standa að 16 daga átaki hér á landi gegn kynbundnu ofbeldi skora á stjórnvöld að grípa til aðgerða til að uppræta þann smánarblett sem kynbundið ofbeldi er á íslensku samfélagi og lýsa sig nú, sem fyrr, reiðubúin til samstarfs.

Yfirvöld eru hér með hvött til að setja fram heildstæða aðgerðaáætlun sem tekur til löggjafar, dómstóla, saksóknara og löggæslu, félagslegra úrræða, fræðslu til almennings og þeirra fagaðila sem að málum koma; ásamt sértækum aðgerðum innan mennta-, heilbrigðis- og félagslega kerfisins. Við gerð áætlunarinnar skulu forvarnir, réttlæti, stuðningur og vernd til handa fórnarlömbum kynbundins ofbeldis vera höfð að leiðarljósi.

Virðingarfyllt,

Amnesty International, Bríet - félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands, Kvenfélagasambandið, Kvenréttindafélagið, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Rauði kross Íslands, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Stígamót, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Samtök um kvennaathvarf, Soroptimistasamband Íslands, UNICEF Ísland, UNIFEM á Íslandi V-dagurinn, Þjóðkirkjan